

**Endurskoðaðar starfsreglur tilnefningarnefndar Símans hf. lagðar fyrir aðalfund félagsins 12. mars 2020.**

<b>Rules of Procedure of Síminn hf. Nomination Committee</b>	<b>Starfsreglur tilnefningarnefndar Símans hf.</b>
<b>1. Purpose of the Nomination Committee</b>	<b>1. Tilgangur tilnefningarnefndar</b>
<p>1.1. The purpose of Síminn hf. (hereinafter "the Company") the Nomination Committee (hereinafter "the Committee") is to promote the interests of all shareholders and facilitate that the proposed Board of Directors (hereinafter "BoD") candidates collectively possess sufficient knowledge and experience to exercise their obligations under the Company's Article of Association, the Act on Public Limited Liability Companies no 2/1995, as well as other Acts and regulations that apply to the Company.</p> <p>1.2. The Committee shall be an active platform for assessing whether candidates for the BoD have sufficient and appropriate competencies to act as Directors on Síminn's BoD according to the Company's Competency Criteria, see appendix 1. Furthermore, it should assess whether the overall BoD composition is effective. Based on its findings the Committee shall make recommendations for BoD candidacy to the Annual General Meeting (hereinafter "AGM").</p>	<p>1.1. Tilgangur tilnefningarnefndar (hér á eftir "nefndin") Símans hf. (hér á eftir "félagið") er að stuðla að hagsmunum allra hluthafa og kanna að frambjóðendur til stjórnar félagsins hafi, sameiginlega, fullnægjandi þekkingu og reynslu til að geta sinnt skyldum sínum samkvæmt samþykktum félagsins, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, auk annarra laga og reglugerða sem gilda um félagið.</p> <p>1.2. Nefndin skal vera virkur vettvangur til að meta hvort frambjóðendur til stjórnar hafi, fullnægjandi og viðeigandi hæfni til að starfa sem stjórnarmenn hjá félaginu samkvæmt hæfnisviðmiðum félagsins, sbr. viðauka 1. Enn fremur ber nefndinni að meta hvort samsetning stjórnar sem heild sé skilvirk. Á grundvelli niðurstaðna skal nefndin leggja fram tillögur sínar um framboð til stjórnar fyrir hvern aðalfund.</p>
<b>2. Composition of the Nomination committee and qualification of its members</b>	<b>2. Samsetning og hæfisskilyrði tilnefningarnefndar</b>
<p>2.1. The Committee shall consist of three (3) members, all of whom shall be independent of the Company and its management team.</p> <p>2.2. Neither management nor employees of the Company may be appointed as Committee members.</p> <p>2.3. Collectively the committee members must possess:</p> <p>a) Extensive experience in evaluating candidates against qualification criteria.</p>	<p>2.1. Nefndin skal skipuð þremur (3) nefndarmönnum og skulu þeir allir vera óháðir félaginu og framkvæmdastjórn þess.</p> <p>2.2. Hvorki má skipa stjórnendur né starfsmenn félagsins sem nefndarmenn.</p> <p>2.3. Sameiginlega þurfa nefndarmann að hafa yfir að ráða:</p> <p>a) Víðtækri reynslu við mat einstaklinga með hliðsjón af hæfnisviðmiðum.</p>

<p>b) Good knowledge of business and board responsibilities.</p> <p>c) Excellent knowledge of corporate governance and requirements made by laws and regulations as well as generally accepted guidelines on corporate Governance.</p> <p>2.4. Each Committee candidate must meet at least one of the above-mentioned criteria and have a sound reputation in the business community.</p>	<p>b) Góða þekkingu á rekstri fyrirtækja og skyldum stjórnarmanna.</p> <p>c) Framúrskarandi þekkingu á stjórnarháttum fyrirtækja og kröfum sem gerðar eru samkvæmt lögum og reglugerðum auk almennt viðurkenndra viðmiðunarreglna um stjórnarhætti fyrirtækja.</p> <p>2.4. Hver nefndarmaður skal uppfylla að minnsta kosti eitt af ofangreindum viðmiðum og hafa góðan orðstír í atvinnulífinu.</p>
<p><b>3. Appointment of committee members</b></p>	<p><b>3. Skipun tilnefningarnefndar</b></p>
<p>3.1. Committee members shall be elected by the AGM each year. The Committee composition shall be in compliance with the gender equality requirements in the Act on Public Limited Liability Companies no 2/1995.</p> <p>3.2. In the call for the AGM the BoD shall propose three Committee members. The shareholders may propose other individuals, no later than seven days prior to the AGM. If there are more than three individuals nominated that AGM shall elect nomination committee.</p> <p>3.3. The Committee candidates that are nominated shall provide the Company with the same information as is required by BoD candidates under Act on Public Limited Liability Companies no 2/1995, the Company's Article of Association, in addition to information on how the Committee Candidates fulfils one or more of the criteria under Article 2 of these Rules of Procedure.</p> <p>3.4. The BoD shall review the Committee candidacy in the same manner as the BoD reviews the BoD candidacy under the Company Article of Association. No later than two days prior to the AGM the BoD shall publish the name of the individuals that have been nominated as nomination committee members in the same manner as the candidates for the BoD is published.</p> <p>3.5. Information on the arrangements for the appointment of the Committee, the rules of procedures of the Committee and information on the Committee members shall be published on the Company's website.</p>	<p>3.1. Nefndarmenn skulu kjörnir af aðalfundi á hverju ári. Skipun nefndar skal vera í samræmi við jafnréttiskröfur í lögum um hlutafélög nr. 2/1995.</p> <p>3.2. Stjórn félagsins skal leggja fram tillögu um kjör þriggja nefndarmanna í fundarboði til aðalfundar. Hluthafar félagsins geta með minnst sjö daga fyrirvara gert tillögu um aðra nefndarmenn og skal þá á aðalfundi kosið milli þeirra sem tillaga er gerð um.</p> <p>3.3. Aðilar sem eru tilnefndir til setu í tilnefningarnefnd skulu veita félaginu sömu upplýsingar og frambjóðendum til stjórnar er skylt að tilgreina samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og samþykktum félagsins, auk upplýsinga um hvernig frambjóðendur uppfylla eitt eða fleiri viðmið í grein 2 í þessum reglum.</p> <p>3.4. Stjórn skal meta tilnefningar til nefndarinnar á sama hátt og stjórn metur framboð til stjórnar samkvæmt samþykktum félagsins. Eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund skal stjórn birta nöfn allra þeirra sem hafa verið tilnefndir til setu í tilnefningarnefnd á sama hátt og framboð til stjórnar eru birt.</p> <p>3.5. Upplýsingar um fyrirkomulag skipunar nefndarinnar, starfsreglur tilnefningarnefndar og upplýsingar um nefndarmenn skulu birtar á heimasíðu félagsins.</p> <p>3.6. Ef nefndarmaður lætur af störfum eða hættir sem nefndarmaður, af hvaða ástæðu sem er, áður en skipunartími viðkomandi</p>

<p>3.6. If a Committee Member resigns or cease to be a member of the Committee, for whatever reason, before the Committee's term has expired, the BoD may appoint a new nomination committee member until the next AGM.</p>	<p>nefndarmanns er útrunninn, skal stjórn tilnefna einn nefndarmann í hans stað fram að næsta aðalfundi.</p>
<p><b>4. Committee Obligation and Working Procedures</b></p>	<p><b>4. Skyldur tilnefningarnefndar og verkferlar</b></p>
<p>4.1 The Committee's main obligation is to act as an advisory Committee regarding the election of the BoD at each AGM.</p> <p>4.2. The Committee shall publish on the Company's website information on how potential BoD candidates may declare their interest in serving as directors. The Committee shall create a standardized form detailing relevant information on candidates' qualifications and competencies and ensure that such a form exists for acting board members. Information about the procedure and the standardized form shall be accessible on the company website.</p> <p>4.3. The Committee shall conduct an assessment of the competencies and composition of the current board. Individual interviews should be done with each board member with the purpose of assessing the individual competencies and qualities based on the Company's Competency Criteria, as well as evaluating the BoD's overall effectiveness as reported by board members. Furthermore, board members should notify the Committee if they intend to seek reappointment to the board or not, preferably before the Committee publishes its recommendation to AGM.</p> <p>4.4. Following the interviews with the members of the BoD the Committee shall make a reasoned assessment of the overall BoD qualities and composition measured against the Board Competency Criteria and determine whether there is a gap that is required to be filled by new candidates. If such gaps are established based on the reasoned opinion of the Committee, it shall seek to find potential candidates that can compensate for these gaps or otherwise add to the capabilities and competencies on the BoD. In such</p>	<p>4.1. Meginábyrgð nefndarinnar er að starfa sem ráðgjafarnefnd vegna kosningu stjórnar á hverjum aðalfundi.</p> <p>4.2. Nefndin skal birta á heimasíðu félagsins upplýsingar um hvernig hugsanlegir frambjóðendur til stjórnar geta lýst yfir áhuga sínum á að starfa sem stjórnarmenn. Nefndin skal búa til staðlað eyðublað þar sem fram koma viðeigandi upplýsingar um hæfi og hæfni frambjóðenda og tryggja að slíkt eyðublað sé til fyrir starfandi stjórnarmenn. Upplýsingar um málsmeðferð og stöðluð eyðublöð skulu vera aðgengileg á heimasíðu félagsins.</p> <p>4.3. Nefndin skal meta hæfni og samsetningu núverandi stjórnar. Taka skal viðtöl við stjórnarmenn með það að markmiði að meta viðeigandi hæfni byggt á hæfisviðmiðum félagsins, sem og að meta skilvirkni stjórnar sem heild í samræmi við upplýsingar frá stjórnarmönnum. Ennfremur skulu starfandi stjórnarmenn tilkynna nefndinni ef þeir hyggjast leitast eftir áframhaldandi stjórnarsetu eða ekki, helst áður en nefndin gefur út tillögur sínar fyrir aðalfund.</p> <p>4.4. Í kjölfar viðtala við stjórnarmenn skal nefndin leggja fram rökstutt mat á hæfni stjórnar sem heildar og samsetningu hennar sem metin er á grundvelli hæfnisviðmiða stjórnar félagsins. Þá skal nefndin ákvarða hvort það sé þörf á reynslu eða hæfni sem þurfi að uppfylla með því að leita eftir nýjum frambjóðendum. Ef staðfest er á grundvelli rökstudds álits nefndarinnar að það sé skortur á ákveðinni reynslu eða hæfni, þá skal leitast við að finna frambjóðendur sem hafa til að bera þá hæfni eða reynslu sem á skortir eða með öðrum hætti geta aukið við hæfni stjórnar félagsins. Í slíku ferli skulu hluthafar fá</p>

<p>process, shareholders shall be given an opportunity to suggest candidates and the Committee shall encourage the shareholders to put forth potential candidates in a timely manner. The committee can decide to make open announcements for candidates, and such notifications shall clearly state the specific qualifications required.</p>	<p>tækifæri til að leggja fram tillögur um frambjóðendur og skal nefndin hvetja hluthafa til að koma fram með hugsanlega frambjóðendur tímanlega. Nefndin getur ákveðið að birta opinberlega hvatningu til framlagningu framboða, og skulu slíkar tilkynningar greinilega tilgreina þær sérstöku hæfnikröfur sem leitað er eftir.</p>
<p>4.5. The Committee shall take appropriate action to ensure that nominated candidates collectively possess sufficient diversity and breadth in capabilities, experience and knowledge. The committee shall evaluate the independence of potential candidates, so as to make sure that the proposed pool of candidates is in compliance with the Corporate Governance Guidelines (CGG) issued by the Icelandic Chamber of Commerce. Furthermore, the committee shall ensure that the proposed pool is in accordance with Act 2/1995 regarding equal representation of gender on the board.</p>	<p>4.5. Nefndin skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að tilnefndir frambjóðendur hafi sameiginlega fullnægjandi fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Nefndin skal meta sjálfstæði hugsanlegra frambjóðenda til þess að tryggja að fyrirhuguð framboð séu í samræmi við reglur um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefin eru út af Viðskiptaráði Íslands. Enn fremur skal nefndin sjá til þess að fyrirhuguð framboð séu í samræmi við lög 2/1995 um jafnréttismál kynjanna í stjórn.</p>
<p>4.6. The Committee shall present the BoD with its reasoned recommendations at least three days prior to the Board meeting which approves the Company's annual account.</p>	<p>4.6. Nefndin skal kynna stjórn rökstuddar tillögur sínar að minnsta kosti þremur dögum fyrir stjórnarfund sem samþykkir ársreikning félagsins.</p>
<p>4.7. Based on the evaluation process, and recruitment process, if applicable, the Committee shall provide the reasoned recommendations to the AGM that shall be included in the call for each AGM. The report and recommendations to the AGM, shall be made available to the shareholders in the same manner and deadline as other necessary AGM documents are published.</p>	<p>4.7. Byggt á matsferli nefndarinnar og leit að nýjum tilnefningum, ef við á, skal nefndin leggja fram rökstuddar tillögur um tilnefningar til stjórnar til aðalfundar sem skal fylgja í fundarboði fyrir aðalfund. Skýrslan og tillögur til aðalfundar skal gera aðgengileg hluthöfum á sama hátt og með sama fresti og önnur nauðsynleg aðalfundarskjöl eru gerð aðgengileg.</p>
<p>4.8. Any candidacies that may emerge between the call for the AGM and the five days deadline for submitting candidacy, shall be assessed by the Committee, as possible, and reported on at the AGM. All recommendations made by the Committee must be reasoned and based on Competency Criteria and presented no later than two days prior to the AGM.</p>	<p>4.8. Öll framboð til stjórnar sem kunna að koma fram, frá því að boðað er til aðalfundar og þangað til að fimm daga frestur til að leggja fram framboð rennur út, skulu metin af nefndinni, eftir því sem unnt er, og skal það mat lagt fyrir aðalfund. Allar tillögur nefndarinnar verða að vera rökstuddar og byggðar á hæfnisviðmiðum stjórnar og kynntar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.</p>
	<p>4.9. Nefndin getur ákveðið að tilnefna sama fjölda frambjóðenda til stjórnar eins og fjöldi stjórnarsæta eða tilnefna fleiri</p>

<p>4.9. The Committee can decide to suggest the same number of candidates as the number of board seats or to suggest a higher number of candidates. Should the Committee decide to do the latter, it should clearly indicate the criteria for its suggestions.</p> <p>4.10. The Committee shall report to the BoD its main findings on collective board competencies and board effectiveness as reported by board members in the interviews. This shall serve as an input to the board's self-assessment process.</p> <p>4.11. The Committee shall regularly review these rules of procedures and make suggestions, if applicable, in its report presented before each AGM.</p> <p>4.12. Reference to the AGM in these Rules of Procedure shall apply equally to any Shareholder Meeting where it is necessary to elect new board members.</p>	<p>stjórnarmenn. Ef nefndin ákveður að gera það síðarnefnda ber það að tilgreina þau viðmið sem liggja til grundvallar slíkum tillögum.</p> <p>4.10. Nefndin skal miðla til stjórnar niðurstöðum sínum um hæfni stjórnar sem heildar og skilvirkni stjórnar eins og hún kemur fram í viðtölum við stjórnarmenn. Þessar niðurstöður skal síðan nota sem innlegg í sjálfsmat stjórnar.</p> <p>4.11. Nefndin skal reglulega endurskoða þessar starfsreglur og leggja fram tillögur um breytingar, ef við á, í skýrslu sinni fyrir hvern aðalfund.</p> <p>4.12. Tilvísun til aðalfundar í þessum starfsreglum gildir jafnt um alla hluthafafundi þar sem nauðsynlegt er að velja nýja stjórnarmenn.</p>
<p><b>5. Meetings</b></p>	<p><b>5. Fundir</b></p>
<p>5.1 The Committee shall after its election at the AGM convene and elect the Chairman of the Committee.</p> <p>5.2. The Committee shall meet as needed to fulfil its obligations. The chairman shall call for meeting and chairs the meetings.</p> <p>5.3. Meetings are valid and legal if attended by all members. Committee members may attend a meeting via telecommunication device.</p>	<p>5.1. Nefndin skal funda, eftir kosningu sína á aðalfundi, og kjósa formann nefndarinnar.</p> <p>5.2. Nefndin skal funda eftir þörfum til að uppfylla skyldur sínar. Formaður skal kalla til fundar og stýra fundunum.</p> <p>5.3. Fundir eru gildir og löglegir ef allir meðlimir sækja fund. Fundarsókn nefndarmanna í gegnum fjarskiptabúnað telst fullgild mæting.</p>
<p><b>6. Access to information</b></p>	<p><b>6. Aðgangur að upplýsingum</b></p>
<p>6.1. The Company, the BoD as well as potential Board of Directors candidates shall ensure that the committee members will be given timely access to all relevant documentation that the Committee deems necessary to fulfil its tasks and obligations under these Rules of Procedure.</p> <p>6.2. The Committee shall be authorised to interview the BoD or relevant employees of the Company regarding board procedures and other information relevant to the Committee's responsibilities upon request. Such interviews shall be conducted under strict confidence.</p>	<p>6.1. Félagið, stjórnarmenn og hugsanlegir frambjóðendur til stjórnar skulu tryggja að nefndarmenn fái tímalega aðgang að öllum viðeigandi gögnum sem nefndin telur nauðsynleg til að sinna verkefnum sínum og skyldum samkvæmt þessum reglum.</p> <p>6.2. Nefndin skal hafa heimild til að taka viðtöl við stjórnarmenn eða viðeigandi starfsmenn félagsins um starfsemi stjórnar sem og að kalla eftir gögnum sem eru viðeigandi fyrir störf nefndarinnar. Viðtöl skulu fara fram á grundvelli ströngustu trúnaðarskyldna.</p>
<p><b>7. Confidentiality</b></p>	<p><b>7. Trúnaður</b></p>

<p>7.1. The members of the Committee are bound by strict confidentiality regarding their work in relation to the Committee as well as all information obtained by the Committee members, unless specifically stated in these Rules of Procedure.</p> <p>7.2. Confidentiality shall be honoured after the employment of the Committee members has expired.</p> <p>7.3. All information of the Committee shall be kept in a secure manner and stored by the Company. All personal information that is not necessary to be stored for record keeping purposes shall be deleted, destroyed or otherwise made de-identifiable.</p>	<p>7.1. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um störf sín í tengslum við nefndina sem og allar upplýsingar sem nefndin fær starfa sinna vegna, nema annars sé sérstaklega getið í þessum starfsreglum.</p> <p>7.2. Trúnaðarskylda helst eftir að skipunartími nefndarmanna er liðinn undir lok.</p> <p>7.3. Allar upplýsingar nefndarinnar skulu geymdar á öruggan hátt og geymdar af félaginu. Allar persónugreinanlegar upplýsingar sem ekki eru nauðsynlegar á grundvelli lögmætra varðveislusjónarmiða skulu vera afmáðar, eytt eða gerðar ópersónugreinanlegar.</p>
<p><b>8. Committee member remuneration</b></p>	<p><b>8. Þóknun nefndarmanna</b></p>
<p>8.1. Annual General Meeting of the Company shall decide on remuneration to the Committee members based on suggestion of the BoD that are included in the call for the AGM.</p>	<p>8.1. Aðalfundur félagsins ákveður þóknun til nefndarmanna á grundvelli tillögu stjórnar sem getið er í fundarboði til aðalfundar.</p>
<p><b>9. Enter into force</b></p>	<p><b>9. Gildistaka</b></p>
<p>9.1 These rules shall become effective upon the approval of the AGM and shall apply until amended or revoked by shareholders meeting of the Company.</p> <p>9.2. The rules of procedure shall be published on the Company's website.</p> <p>9.3. The rules are published in English and Icelandic, in case of discrepancy between the two versions, the Icelandic version shall prevail.</p>	<p>9.1. Reglur þessar skulu koma til framkvæmda við samþykki hluthafafundar og gilda þar til þeim er breytt eða þær afturkallaðar af hluthafafundi félagsins.</p> <p>9.2. Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.</p> <p>9.3. Reglur þessar eru gefnar út á ensku og íslensku, ef textinn er ósamrýmanlegur þá skal íslenska útgáfan gilda.</p>
<p>Thus, approved at the AGM of Síminn hf. on March 12<sup>th</sup> 2020.</p>	<p>Þannig samþykkt á aðalfundi Símans hf. 12. mars 2020.</p>